



Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur)

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) vill veita umsögn og koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið.

LFÍ telur mikilvægt að lög landins nái yfir nikótínvörur en telur að ganga þurfi lengra en hér er gert.

Talið er að notkun nikótínvara sé orðin útbreidd meðal ungs fólks hér á landi og fer markaðssetning slíkra vara einkum fram á samfélagsmiðlum, meðal annars með því að svokallaðir áhrifavaldar komi vörunum á framfæri við þá markhópa sem sóst er eftir. Hér er ekki fyrst og fremst um að ræða aðstoð við að draga úr eða hætta notkun tóbaks svo bæta megi lýðheilsu, markhópurinn er ekki síður ungir einstaklingar sem hafa ekki ánetjast tóbaki. Því telur LFÍ að skoða þurfi hvort fella ætti nikótínþúða undir tóbaksvarnar- eða lyfjalög til að vernda börn og unglínga frá heilsutjóni af völdum nikótíns. Það er val stjórnvalda á hverjum tíma hvernig unnið er með forvarnir á sem bestan hátt og enginn vafi að minni sýnileiki vöru, dregur úr notkun hennar.

LFÍ telur að ef ná eigi því markmiði sem kemur fram í frumvarpsdrögnum, að banna sölu nikótínvara til fólks undir 18 ára aldri, þurfi að leggja bann við sölu og markaðssetningu nikótínvara á netinu og í gegnum samfélagsmiðla. LFÍ telur í því samhengi að það sama eigi að gilda um nikótínvörur og tóbaksvörur. Nikótínvörur ætti því ekki að vera heimilt að selja á netinu, þær ættu ekki að mega vera sýnilegar á heimsíðum eða á samfélagsmiðlum eins og kostur er. Þá eiga varnarorð á nikótínvörum að vera á íslensku.

Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr tóbaksnotkun er að draga út sýnileika þess og það sama gildir væntanlega einnig um nikótínvörur.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Lyfjafræðingafélags Íslands,

Inga Lilý Gunnarsdóttir
Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands